

Fótbolti á einskismannslandi:

Friðarboðskapur

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Einhver kunnasta jólasaga í hinum enskumælandi heimi gerist á blóðvöllum Frakklands, þar sem milljónir ungra manna voru stráfelldar í skotgrafahernaði fyrri heimsstyrjaldarinnar. Hún byggir á sönnum atburðum, en á aðfangadag 1914 mun það hafa gerst víða á vígstöðvum að hermenn lögðu niður vopn og sameinuðust í að syngja jólalög eða skiptu liði og spiluðu saman fótbolta.

Frásögnin af knattspyrnuleikjum innan um skotgrafirnar og sprengjubrotin er flestum kunn. Hún er lesin í skólum, rifjuð upp í jólahugvekjum og fléttuð inn í stólpredikanir í kirkjum. Sagan þykir falleg og að flestra mati felur hún í sér friðarboðskap. Sá boðskapur ristir þó ekki jafn djúpt og ætla mætti í fyrstu.

Um margt minnr sagan um fótboltaeikinn á aðfangadag nefnilega á þær óteljandi jólamyndir frá Hollywod sem sýna alvörugfíð fulloröð fólk lenda í ævintýrum á aðventunni og komast í kynni við jólasveininn. Boðskapurinn er sá að á jölnum megi menn láta skynsemina lönd og leið og hegða sér eins og börn. Sá jarðbundi og ábyrgi sleppir fram af sér beislínu í skamma stund, en svo fer allt í fastar skorður. Það ranga við þessa sýn er að hún gefur sér þá forsendu að stríðsrekstur sé rökréttur og nauðsynlegur, en það að hafna stríði sé fjarstæðukennt og óraunhæft.

Það ranga við þessa sýn er að hún gefur sér þá forsendu að stríðsrekstur sé rökréttur og nauðsynlegur, en það að hafna stríði sé fjarstæðukennt og óraunhæft.

Í sérhverjum smábæ í velflestum löndum Evrópu má finna töflur með nöfnum þeirra manna sem féllu í stríðinu mikla, fyrir málað sem fæstir muna lengur hver var. Hvernig getur sú slátrun með nokkru móti talist rökrétt? Hvers vegna þykir okkur skringilegra að nokkur hundruð manns hafi haldið út á einskismannslandið til að keppa í boltaleik en að milljónir hafi hlaupið um sama svæði til móts við fljúgandi byssukúlu? Hvor hegðunin er í raun fráleitari?

Blóðugar styrjaldir eru háðar um þessi jól í Afganistan, Írak, Sómalíu, Pakistan og Jemen. Auk þeirra eru tugir átakasvæða í heiminum þar sem fólk fellur í átökum milli þjóða, þjóðarbrotu eða annarra hópa. Á öðrum stöðum lætur fjöldi fólks lífið vegna siðbundiinna afleiðinga gamalla stríða, svo sem á jarðsprengjusvæðum Asíu og Afríku.

Þau öfl sem mæla fyrir hernaði og valdbeitingu gera það aldrei með því að tefla fram tveimur kostum; stríði eða friði. Í slíkri keppni fer friðurinn ætíð með sigur af hólmi. Þess í stað beita stríðsæsingamenn rökum óumflýjanleikans, með því að hafna því að aðrar leiðir séu færar. Stríðið verður þannig aldrei val heldur óhjákvæmileg niðurstaða – eðlileg, rökrétt og skynsamleg. Tal um frið og afvopnun verður þannig kjánalegur barnaskapur, líkt og fallett en sérkennilegt jólaævintýri.

Við eigum hins vegar alltaf val. Sá kostur er alltaf fyrir hendi að hafna stríðinu en skipta þess í stað í tvö fótboltaíð – að spyrna knetti fremur en að hleypa af byssum. Það er kjarni málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 milljarðir. STJÓRNARFORMÁÐUR: Ingilbjörg S. Pálmasdóttir FORSTJÓRI: Aní Edvald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Í DAG
ÞORVALDUR GYLFASSON

Fjórtnán þúsund nemendur sækja tónlistarskóla landsins auk allra þeirra, sem lokið hafa tónlistarnámi og annarra. Þeim er þessi glaðningur einkum ætlaður. Kvæðið kviknaði við kvöldverðarborð sumarið 2009, þar eru teknar lauffléttu traustatáki hendingar frá séra Matthíasi, Guðlaugu Pétursdóttur, Erni Amarsyni og Steini Steinarr auk þess sem konan min lagði í þúkkíð. Lagið varð til daginn eftir. Þar örlar í einum takti eða tveim á Cole Porter, allt með ráðum gert. Gleðilega hátíð.

Blessuð sértu borgin mín

Allegretto scherzando (♩ = 50)

Sópran
Alt
Tenór
Bassi

Skin við sól-u Skag - a - fjörð-ur skraut-i- bú-inn, hey. Ó, þú hýr - i Hafn - ar-fjörð-ur

hipp og kül og gay. Kóp-a- vog-ur, Vest-manna-eyj-ar, Vill - ing-a-holt. Ég dey.

Ís - lands Hrafn-ist-u - menn og meyj - ar: Mun-ið Huds-on Bay. Og haf - ið sagði Ó

Key- Smá-frið-ur þyk-ir mér Fá-skrúðs-fjörð-ur með frönsk- u. skilt-in sín. Ít - ur vaxn - i

Vopn - a - fjörð - ur: Ver-búð - in er fin. Og bless-uð sért-u borg-in mín.